

23. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem á kind í réttum, að vera þar staddur til að hirða fé sitt eða fá annan til þess.

**V. KAFLI****Önnur atriði.**

24. gr.

Um smalanir að vori skulu fjáreigendur vera frjálsir. Hreppsnefnd er þó skylt að samræma vorsmömun ef meiri hluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óskar eftir því.

25. gr.

Að öðru leyti en greint er í reglugerð þessari fer um fjallskilamálefni eftir því sem segir í lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl., einnig í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, svo og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

26. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá kr. 5000–50000 sem renni í sveitarsjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið með sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

28. gr.

Fjallskilareglugerð þessi er fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 28, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969 og breytingar á þeim lögum nr. 43/1976, til þess að öðlast gildi frá og með 15. sept. 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 13. september 1983.*

**Jón Helgason.**

*Haukur Jörundarson.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Hinn 7. september 1983 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að reitur sem afmarkast af lóðum við Fálkagötu, Tómasarhaga og Arnargötu og sýndur er í gildandi aðalskipulagi sem útivistarsvæði verði framvegis ætlaður að hluta til íbúðar.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*